

## 15. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum, allt að kr. 1000.00, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum lögum. Valdi nokkur skemmdum á vatnsveitunni, skal hann bæta það eftir mati þar til kvaddra manna. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Mjóafjarðarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 18. janúar 1967.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## REGLUGERÐ

### um holræsi á Þórshöfn.

## 1. gr.

Hreppsnefnd Þórshafnarhrepps hefur ein heimild til þess að leggja holræsi um Þórshafnarkauptún. Holræsagerð Þórshafnarhrepps er sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi.

## 2. gr.

Þar sem hreppsnefnd hefur látið leggja holræsi í götu, er hverjum húseiganda, sem lóð á þar að, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, sem flytji skolp í aðalræsi og halda því við.

Regnvatn af húsi, og lóð skal einnig að svo miklu leyti sem unnt er, leitt í holræsið.

## 3. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja ræsi, skal hann skýra manni þeim, sem hreppsnefnd löggildir til lagningar holræsa í kaupúninu frá því og fá samþykki þar til.

Umsjónarmaður ákveður legu og gerð pípa þeirra, er holræsið mynda, svo og alla tilhögun verksins eftir að hafa fengið í hendur uppdrátt, er sýni glögglega alla tilhögun lagningarinnar.

## 4. gr.

Hreppsnefnd löggildir menn, sem teljast skulu hæfir til að leggja og ganga frá holræsum. Þeir einir, sem hreppsnefnd löggildir til holræsalagningar, skulu hafa rétt til að leggja og ganga frá skolpræsum, sem standa í sambandi við holræsa-kerfi hreppsins.

## 5. gr.

Kostnaður við holræsagerð hreppsins greiðist af holræsagerðinni og til þess að standa straum af kostnaði við lagningu og viðhald holræsanna, ber hverjum þeim, sem hús á eða lóðarréttindi við götu, sem hreppurinn hefur lagt holræsi í, að greiða árlega til holræsagerðarinnar 1% af fasteignamati húss og lóðar, þó aldrei minna

en kr. 400.00 — fjögur hundruð krónur — af húsi eða hluta húss, sem talinn er sér í fasteignamati, enda sé skollplögn að viðkomandi húseign eða húshluta.

Gjöld samkvæmt grein þessari er hreppsnefnd heimilt að hækka eða lækka um allt að 50 af hundraði, án þess að samþykki ráðuneytis komi til.

#### 6. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að yfirtaka núverandi holræsakerfi einstakra aðila samkvæmt samkomulagi við hlutaðeigendur eða samkvæmt mati, ef ágreiningur verður.

#### 7. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu holræsagjalds. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með lögveðsrétti í lóð og mannvirkjum lóðareiganda á henni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði. Árlegur gjalddagi holræsagjalda er 20. desember ár hvert.

#### 8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 1000.00 — eitt þúsund krónum —, sem rennur í sveitarsjóð. Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er samin og samþykkt af hreppsnefnd Þórshafnarhrepps, staðfestist hér með skv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 19. janúar 1967.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## REGLUGERÐ

### fyrir Vatnsveitu Þórshafnar.

#### 1. gr.

Vatnsveita Þórshafnar er fyrirtæki, sem Þórshafnarhreppur er eigandi að, og rekur í þeim tilgangi að fullnægja vatnsþörf heimila, hafnarinnar og fyrirtækja á Þórshöfn. Vatnsveitan skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki undir nafninu Vatnsveita Þórshafnar.

#### 2. gr.

Vatnsveita Þórshafnar hefur einkaleyfi til rekstrar vatnsveitu á því svæði, er vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt, innan kaupsinsins.

#### 3. gr.

Vatnsveitunefnd, sem kosin er af hreppsnefnd til fjögurra ára í senn, annast öll framkvæmdastörf, viðhald og endurbætur vatnsveitunnar, fjárreiður hennar og umsjón eigna í samráði við hreppsnefnd. Í vatnsveitunefnd séu þrír menn og þrír til vara.